

*Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 2015***Kortlagning þarfar á salernisaðstöðu meðfram þjóðvegum Íslands – Staða mála í nágrennlöndunum og á Íslandi**

Ragnhildur Gunnarsdóttir, umhverfisverkfræðingur PhD, ragnhildur.gunnarsdottir@efla.is

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein á Íslandi, og innviðir ferðaþjónustunnar því afar mikilvægur þáttur í þjónustu við ferðamenn. Ein af megin stoðum ferðaþjónustu eru samgöngur á milli staða og aðgengi að vinsælum áfangastöðum. Á Íslandi eru samgöngur á landi bundnar við akstur á einka- eða langferðarbílum, og hefur Vegagerðin umsjón með 186 áningarstöðum víðsvegar um landið fyrir akandi vegfarendur. Tilgangur áningarstaðanna er að ferðamenn geti á þægilegan og öruggan hátt staldrað við og notið náttúrunnar og skoðað áhugaverða staði. Aðbúnaður á áningarstöðunum er misjafn; sums staðar eru borð og bekkir og víða eru skilti með þjónustuupplýsingum og fróðleik um sögu nánasta umhverfis. Hins vegar er salernisaðstaða á áningarstöðum ekki í umsjá Vegagerðarinnar, og eru mörg af þeim salernum sem ferðamenn nota á leið sinni um landið að finna á matsölustöðum, söluturnum, ferðamannastöðum o.fl. Rekstraraðilar þessara staða geta í sumum tilfellum séð vissan hagnað af því að ferðamenn nýti sér salernisaðstöðu sem tilheyrir rekstri þeirra, og ef svo er má líta á þessa staði sem hluta af vegasalernum við þjóðvegi landsins. Hins vegar eru nokkrir annmarkar á því að skilgreina salerni á matsölustöðum, söluturnum, verslunum og þess háttar þjónustueiningum, sem vegasalerni þar sem slíkir staðir eru yfirleitt lokaðir yfir næturtímamann, og einnig getur opnunartími þeirra verið árstíðabundinn (til að mynda lokað yfir vetrartímamann). Það er því nauðsynlegt að tryggja aðgengi að vegasalernum með jöfnu millibili á þjóðvegum landsins, allan ársins hring og hvenær sólarhringsins sem er.

Í Vegalögum (lög nr. 80 29. mars 2007) segir, að meðal helstu hlutverka Vegagerðarinnar sé veghald þjóðvega, þar með talið vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Hins vegar er óljóst hver skilgreiningin á „þjónustu“ er og hvort rekstur vegasalerna gæti mögulega fallið þar undir. Víða erlendis er umsjón salerna meðfram þjóðvegum í höndum umsjáraðila vegagerðar og gjarnan eru til staðlar með leiðbeiningum um æskilega hámarks fjarlægð milli áningarstaða og salernisaðstöðu en misjafnt er eftir löndum hvernig rekstrarumhverfi vegasalerna er hagað. Í verkefni þessu verður reynsla annarra landa á þessu sviði borin saman við íslenskt umhverfi með það í huga að auðvelda stefnumótun fyrir rekstur vegasalerna við þjóðvegi Íslands. Markmið þessa verkefnis er þó ekki að fjalla um mögulegt hlutverk Vegagerðarinnar gagnvart vegasalernum og rekstri þeirra, heldur verður áhersla lögð á að kortleggja þörf fyrir fjölgun vegasalerna við þjóðvegi Íslands og þeir staðir skilgreindir, þar sem sú þörf er talin vera hvað brýnust miðað við væntanlegt umferðarálag komandi ára. Einnig er markmiðið að leggja fram tillögur að vali á salernislausnum og útbúa yfirlitskort sem sýnir á myndrænan hátt tillögur að staðsetningu nýrra sem og núverandi vegasalerna.

Verkefnið var styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2015 og er unnið af EFLU verkfræðistofu í Reykjavík í samvinnu við Vegagerðina. Í erindinu verður núverandi staða verkefnisins kynnt sem og helstu markmið þess og áframhaldandi vinna.